

# STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1994

24. janúar 1994

27

Nr. 30

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1993,  
um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til mannelis o.fl.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr.:

- a. Eftirfarandi efnisliður fellur brott:  
0511.9118 og 0511.9119 Sundmagi, þurrkaður eða saltaður.
- b. Eftirfarandi efnisliðir bætast við:  
0511.9111–0511.9129 Vörur úr fiski, krabbdýrum, lindýrum eða öðrum vatnahrygg-  
leysingjum.  
1204.0000 Línfræ (höfræ).
- c. Tollskrárnúmerið 2836.1000 breytist og verður tollskrárnúmer 2836.1001.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 14. gr. og 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1994.*

F. h. r.

**Jón H. Steingrímsson.**

*Margrét Gunnlaugsdóttir.*

14. janúar 1994

Nr. 31

## SAMÞYKKT

um búfjárhald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Í Bessastaðahreppi er búfjárhald heimilt, að fengnu leyfi frá hreppsnefnd. Hreppsnefnd veitir leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

Til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari telst hald dýra, sem talin eru upp í 2. gr. laga nr. 46/1991, hvort sem þau eru haldin til búnytja, skemmtunar eða annarra nota.

Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

Umsækjandi um sauðfjárhald skal jafnframt hafa tryggt sér land til upprekstrar.

2. gr.

Lausaganga hrossa, sauðfjár, nautgripa og annars búfjár, hverju nafni sem nefnist, er óheimil í Bessastaðahreppi án leyfis hreppsnefndar.

Steindórsprent Gutenberg hf.

## 3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni, að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

## 4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár, að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, getur hreppsnefnd afturkallað leyfið að undangenginni aðvörun.

Leyfi miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda, þannig að ekki er heimilt að framselja leyfið. Hreppsnefnd getur veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar.

## 5. gr.

Búfjáreftirlitsmaður Bessastaðahrepps annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna eftir atvikum búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur.

Lausagöngufénaður skal handsamaður og skráður. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

## 6. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að innheimta árlegt leyfisgjald til Bessastaðahrepps af hverjum þeim, sem fær leyfi til búfjárhalds. Gjald þetta miðast við tegund og fjölda gripa. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjáreftirlit.

Hreppsnefnd setur og landbúnaðarráðherra staðfestir gjaldskrá fyrir leyfisgjöld. Staðfest gjaldskrá skal birt í Stjórnartíðindum.

Undanþegnir árlegu leyfisgjaldi eru búfjáreigendur á lögbýlum, sem eiga þar lögheimili og hafa landbúnað sér til lífsviðurværis.

## 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 8. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirtreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina, skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi til búfjárhalds. Að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjárhalds.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. janúar 1994.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*